



Akranesi, 9. desember 2021

2106179 SA

Efni: Gjaldskrá sorpgjalda

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2022 og þriggja ára áætlunar 2023 – 2025 er lagt til grundvallar að gjaldskrá sorpgjalda verði **óbreytt** á milli ára 2021 og 2022.

Rétt er að halda til haga að á árabílinu 2018 til og með 2020 voru gjöldin óbreytt og vegna áranna 2019 og 2020 var m.a. hliðsjón höfð af ákvæðum lífkjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá árinu 2019 sem fólu í sér takmörkun á hækkun umfram 2,5% á milli ára sbr. tilmæli frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þess efnis til sveitarfélaganna sem og stöðu tekju- og gjaldaliða að meðtöldum fjárfestingum í málaflokknum, byggt á ákvæðum 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2002 um meðhöndlun úrgangs og skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hækkun var gerð á sorpgjöldunum í fjárhagsáætlunargerð árið 2020 vegna gjaldanna 2021 og gjaldskráin þá hækkuð um 2,5%.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi sorpgjöldum fyrir árið 2022 sem innheimt verði með fasteignagjöldum sbr. fylgiskjal nr. 1:

1. Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði kr. 19.256 fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).
2. Sorpeyðingargjald verði kr. 16.422 miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).

Við ákvörðunartökuna um gjaldskrána nú eru eftirtaldir tekju- og gjaldaliðir lagðir til grundvallar sbr. framangreindar lagatílvísun til 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir:

1. Áætlaðar tekjur að fjárhæð kr. 108.238.000.
2. Áætluð gjöld að fjárhæð kr. 101.572.410 sem greinast þannig:
 - a. Áætlaður sameiginlegur kostnaður, aðkeypt þjónusta o.fl. kr. 81.997.369
 - b. Annar kostnaður vegna „stjórnunarkostnaðar“ og umsýslu bæjarskrifstofu (stjórnsýslu- og fjármálasviðs og skipulags- og umhverfissviðs) kr. 7.950.000.
 - c. Sérfræðiþjónusta að fjárhæð kr. 2.000.000.



- d. Eigin vinna starfsmanna í Gámu kr. 124.000.
- e. Áætlaður kostnaður vegna reksturs húsnæðis Gámu kr. 6.884.753.
- f. Lóð Gámu kr. 2.844.050.
- g. Áætlaðar afskriftir vagna fastafjármuna í Gámu kr. 326.238.
- h. Áætlaðar fjármagnstekjur í Gámu kr. 554.000.


3. Niðurstaða sorpmála 2022.

Samtals rekstrarhagnaður að fjárhæð kr. 6.665.590

Til frekari skýringa á tekju- og kostnaðarliðum vísast til meðfylgjandi fylgiskjals nr. 2.

Verði þetta niðurstaða bæjarstjórnar Akraness við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar þann 14. desember næstkomandi þarf eðli máls samkvæmt ekki að birta nýja gjaldskrá í Stjórnartíðindum.

Ef óskað er frekari skýringa veitir undirrituð þær fúslega.



Steinar Adólfsson

sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs

Fylgiskjöl:

1. Drög að gjaldskrá Akraneskaupstaðar fyrir hirðu og eyðingu sorps 2022.
2. Rekstur Gámu og álagning sorpgjalda samkvæmt fjárhagsáætlun 2022.